

## AUGLÝSING

### um staðfestingu samþykktar fyrir Byggðasamlagið Bergrisann bs., um málefni fatlaðs fólks.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykktir fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. um málefni fatlaðs fólks í Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Flóahreppi, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu, 27. maí 2015.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **SAMÞYKKTIR fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs.**

1. gr.

Samlagið er byggðasamlag og heitir Bergrisinn bs. Heimili og varnarþing byggðasamlagsins er í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samþykktir þessar.

3. gr.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna. Fjárhagslegri og faglegri umgjörð hennar er nánar lýst í eftirfarandi skjölum sem eru fylgiskjöl með samþykktum þessum:

- a) Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks (fylgiskjal 1).
- b) Samningur um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast (fylgiskjal 2).
- c) Erindisbréf þjónusturáðs (fylgiskjal 3).

## 4. gr.

Starfssvæði byggðasamlagsins skiptist í þrjú félagsþjónustusvæði. Þau eru: Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna, Félagþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar og Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Byggðasamlagið gerir samninga við aðildarsveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélagi þar sem tilgreindir eru þeir þjónustubættir sem viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélag framkvæmir.

Þá skal í þjónustusamningum gera grein fyrir fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélögunum til byggðasamlagsins og hins vegar frá byggðasamlaginu til félagsþjónustusvæðanna/sveitarfélaganna. Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmum innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

## 5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði. Kosning til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlagsins. Við val á fulltrúum í stjórn byggðasamlagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008.

Kjörtímabil stjórnar skal vera eitt ár í senn og miðast við aðalfund byggðasamlagsins. Kjör gengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórnar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna í aðildarsveitarfélögum.

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna miðað við fulltrúafjölda skv. 10. gr. samþykktá þessara, er mættur.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamningi sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks, erindisbréfi þjónusturáðs eða í samþykktum þessum. Ákvarðanir um lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamning, erindisbréf þjónusturáðs eða samþykktir þessar þarfnast staðfestingar frá aðalfundi, aukafundi eða sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls.

## 7. gr.

Stjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggur fyrir aðalfund ár hvert og fylgist með að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögunum. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

## 8. gr.

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 11. gr. samþykktá þessara. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Sendu skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

## 9. gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru mánaðarleg og árleg framlög aðildarsveitarfélaganna og Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga samkvæmt nánari útfærslu sem skýrð er í þjónustusamningi sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið greiðir fyrir þjónustu í samræmi við samninga sem gerðir eru við sveitarfélögin um þjónustu við fatlað fólk, við sjálfstæða þjónustuaðila í samræmi við samninga þar um og greiðir sameiginlegan kostnað samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Árborg.

## 10. gr.

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningaári sveitarstjórna skal halda aukaáðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Framkvæmdastjóri stærsta aðildarsveitarfélagsins skal boða til þess fundar.

Aðalfund skal boða skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint. Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega aðalfundi.

Á aðalfundi byggðasamlagsins eiga sæti:

- a. Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
- b. Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201 til 500 íbúa.
- c. Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501 til 1000 íbúa.
- d. Sveitarfélag með yfir 1000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.
- e. Stjórnarmenn byggðasamlagsins og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.

Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. janúar yfirstandandi árs.

Sveitarfélögin þurfa að tilgreina fulltrúa sína á aðalfundi með kjörbréfi.

Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga. Varafulltrúar skulu tilnefndir úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Um kosningu fulltrúa fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, sjá þó 11. gr. vegna breytinga á samþykktum.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum, framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum aðildarsveitarfélaganna og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

## 11. gr.

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi og tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs svo og tillögum að breytingum á samþykktum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og lágmarksfjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 6. gr. samþykta þessara.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.
2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs.
3. Fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár.
4. Kosning þriggja aðalmanna og þriggja varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til eins árs í samræmi við 5. gr. þessara samþykta, annað hvert ár.
5. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins er tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
6. Ráðning löggilts endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Í upphafi aðalfundar skal skipa þriggja manna kjörnefnd er starfar á fundinum og skal þar vera einn fulltrúi frá hverju félagsþjónustusvæði innan byggðasamlagsins. Kjörnefndin sker úr um kjörgengi fulltrúa er sitja fundinn, í samræmi við 9. gr. samþykta þessara og gerir tillögu að skipan stjórnar.

Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögnum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.

Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

12. gr.

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að byggðasamlaginu skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það skriflega með sama hætti og aðrar tillögur um breytingar á samþykktum, sbr. 11. gr. samþykktu þessara og tekur úrsögn gildi þar næstu áramót á eftir, enda sé sveitarfélagið þá skuldlaust við byggðasamlagið.

Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit byggðasamlagsins fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

13. gr.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til stjórnar byggðasamlagsins og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

14. gr.

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal kosið til stjórnar byggðasamlagsins á stofnfundi í október 2014.

*Samþykkt á Kirkjubæjarklaustri, 22. október 2014.*